

## Starfsskýrsla Íþróttafélagsins Stefnis 2024

### Stjórn Stefnis árið 2024

Á aðalfundi félagsins 28. febrúar var kosin ný stjórn og er hún þannig skipuð:



Svava Rán Valgeirsdóttir formaður: netfang: [svavava@simnet.is](mailto:svavava@simnet.is) s: 895-1780

Svala Sigríður Jónsdóttir ritari: [svalasta@gmail.com](mailto:svalasta@gmail.com) s:866-2608

Þorgerður Karlsdóttir gjaldkeri, [dolla@snerpa.is](mailto:dolla@snerpa.is) s: 899-9562

Dominik Bochra meðstjórnandi, [dominikb@simnet.is](mailto:dominikb@simnet.is) s:893-9792

Katarzyna Malizewska meðstjórnandi, [kasia4702@wp.pl](mailto:kasia4702@wp.pl) s: 895-1041

### Íþróttastarfið 2024

Íþróttastarf Stefnis var með nokkuð hefðbundnu hætti á síðasta starfsári. Boðið var upp á blakæfingar yfir vetratímamann fyrir yngri börnin en Vestri Blak er með æfingar einu sinni í viku fyrir eldri hópinn. Þetta skilar sér í því að við Súgfirðingar eigum öflugt blakfólk á öllum aldri, svo mikið að eftir því er tekið á landsvísu, stundum talað um Súgfirðingablakið eða Dollu blakið.

Mikil ánægja er með að það tókst loksins að bjóða upp á íþróttaskóla fyrir 1.–4. bekk á haustönn, en hann hafði legið niðri sl. misseri.

Við erum alltaf mjög ánægð með geta boðið upp á sund- og leikjanámskeið á sumrin, en þau eru alltaf vinsæl og vel sótt. Við höfum verið heppin að fá Kolbrúnu Fjólu Arnarsdóttur íþróttakennara til að vera bæði með leikja- og sundnámskeiðið.

Ýmsar skemmtilegar uppákomur voru á árinu, má þar nefna öskudagsball, sumardagsins fyrsta hátíð, víðavangshlaup og leikjakvöld.

Við erum alltaf jákvæð fyrir nýjum hugmyndum til að efla hreyfingu og íþróttaiðkun í samfélaginu, því er um að gera að hafa samband við félagið ef einhver er með góða hugmynd.

Súgfirðingarfélagið hafði frumkvæði af því á árinu að láta gera retro Stefnisboli sem var mjög skemmtileg hugmynd og heppnaðist vel. Bolirnir rokseldust en fyrirmyndin að þeim voru fótboltatreyjur félagsins frá árinu 1980. Stefnir var einnig í samstarfi við Súgfirðingarfélagið varðandi það að hvetja Ísafjarðarbæ til að koma upp tjaldsvæði á Suðureyri. Ekkert tjaldsvæði er á Suðureyri sem er mjög bagalegt því mikil þörf er fyrir það. Hugmyndin er að tjaldsvæði gæti verið fyrir innan íþróttasvæðið okkar. Við teljum það vera góða staðsetningu og hefði góð samlegðaráhrif á íþróttasvæðið okkar. Ísafjarðarbær hefur enn sem komið er ekki sett það á dagskrá að gera tjaldsvæði á Suðureyri sem er miður.

Á árinu sótti félagið um styrk til Fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ til að skanna inn gamlar fundagerðarbækur Stefnis. Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ styrkir verkefni sem stuðla að aukinni þekkingu og varðveislu á menningu og sögu íþróttafélaga. Nýlega kom það í ljós að við fengum styrkinn og verða því elstu fundagerðarbækur Stefnið skannaðar og hægt verður að nálgast þær rafrænt á vef Skjalasafns Ísafjarðarbæjar. Það er Guðfinna M. Hreiðarsdóttir sem mun halda utan um þessa vinnu. Það er mikill fróðleikur í þessum bókum og saga íþróttaiðkunar í Súgandafirði. Það er í mjög ánægjulegt að geta stuðlað að betra aðgengi að þessum fundagerðabókum.

### **Námskeið á síðasta starfsári**

**Fjölskyldutími í íþróttahúsinu:** Foreldrum og börnum var boðið upp á frjálstan tíma í íþróttahúsinu á laugardögum og sunnudögum frá kl. 11.00 – 13.00.

**Leikjanámskeið:** Boðið var upp á skemmtilegt og fjölbreytt námskeið fyrir börn á aldrinum 7–14 ára. Kennari á námskeiðinu var Kolbrún Fjóra Arnarsdóttir íþróttakennari.

**Sundnámskeið:** Boðið var upp á sundnámskeið fyrir leikskóla- og grunnskólabörn. Kennari á námskeiðinu var Kolbrún Fjóra Arnarsdóttir íþróttakennari.

**Íþróttaskóli HSV fyrir 1 – 4 bekk:** Á haustönn náðist loksins að fá þjálfara fyrir Íþróttaskólann en Ísafjarðarbær sér núna um skipulag á honum. Íþróttaskólinn var 2x í viku, á þriðjudögum er boltaþjálfun og miðvikudaga sundkennsla. Daniel Badu er yfirþjálfari og sér um skipulagningu. Börn sem eru skráð í íþróttaskólann geta einnig sótt skíðaæfingar á Ísafjörð.

**Blak:** Einu sinni í viku var boðið upp á blak fyrir krakka í 2.-6. bekk og er það Juan Escalona sem þjálfar. Einnig var blak fyrir krakka í 7.–10. bekk og sá Karol Duda um þá þjálfun. Krökkunum sem eru að æfa blak hjá okkur býðst einnig að fara á æfingar á Ísafjörð. Mjög gott samstarf er á milli Stefnis og Blakdeildar Vestra.

**Æfingar í tækjasal fyrir unglina:** Ákveðið var að bjóða upp á æfingar í tækjasalnum fyrir unglina þar sem við fundum fyrir áhuga á því. Unglingar hafa ekki leyfi til að nýta tækjasalinn nema með foreldrum fram að 18 ára aldri. Það heftir því mjög aðgengi unglina að salnum og hefur þau áhrif að þau sækja frekar í að fara í líkamsrækt á Ísafirði þar sem þessum hópi er leyfilegt er nota tækin.

### **Mót og uppákomur á vegum félagsins**

**Öskudagsball:** Öskudagsball var haldið í félagsheimilinu og er haldið í samvinnu við foreldrafélag grunnskólans. Mjög góð mæting var og allir skemmtu sér vel. Að balli loknu var boðið upp á pylsur og mæltist það vel fyrir hjá börnum og foreldrum.

**Sumardagurinn fyrsti:** Við tókum á móti sumrinu með skemmtilegu hlaupi í góða veðrinu. Sara Hrund Signýjardóttir sá um að gera skemmtilegar æfingar fyrir hlaupið en síðan var gengið/hlaupið nokkra hringi um þorpið. Við enduðum svo í sundlaugarpartýi og boðið var upp á ís fyrir alla. Frábær dagur, geggjuð stemming og allir skemmtu sér vel.

**Víðavangshlaup:** Að venju stóð félagið fyrir víðavangshlaupi þann 17. júní og nú í 47. sinn. Nokkuð góð þátttaka var í hlaupinu en alls tóku 27 þátt. Fyrstur í mark á tímanum 7:57.00 var Sverrir Bjarki Svavarsson, fyrst kvenna var Agnieszka Malkin á tímanum 10:02.00. Elsti keppandinn var Valgerður Hallbjörnsdóttir og yngsti keppandinn var Grétar Karl. Í ár var boðið upp á afmælisköku í tilefni af því að Lýðveldi Íslands fagnaði 80 ára afmæli.

**Boltaskóli frá KSÍ:** Við fengum heimsókn frá KSÍ í júní en það var hann Siguróli Kristjánsson sem kom og var með fótboltaæfingu. Um er að ræða átaksverkefni KSÍ til að auka áhuga krakka á fótbolta. Farið var í skemmtilega leiki og settur upp pannavöllur á sparkvellingnum við grunnskólann.

**Afmæli Stefnis:** Þann 9. september átti íþróttafélagið Stefnir 118 ára afmæli og að þessu sinni voru félagsmenn sérstaklega hvattir til þess að hreyfa sig og njóta útivistar.

**Jólablak:** Að venju var jólablak í lok desember, en þá mæta allir í rauðum fötum og með jólahúfur. Boðið er upp á veitingar og tónlist. Juan og Þorgerði Karlsdóttir sáu um tímann.

### **Þátttaka á mótum**

Í samstarfi við blakdeild Vestra tóku Stefniskrakkar þátt í mótum á síðasta ári. Má þar nefna bikarmót yngri flokka sem haldið var á Neskaupsstað. Krakkarnir stóðu sig mjög vel á mótinu og voru félagi sínu til sóma.

### **Árangur krakka frá Suðureyri í íþróttum**

Það er virkilega gaman að fylgjast með árangri krakka frá Suðureyri í íþróttum en við eigum ótúlegan stóran hóp af blakkrökkum sem hafa verið að gera það gott í sinni íþrótt.

Kasper Tyszkiewicz var tilnefndur af Blakdeild Vestra sem efnilegasti íþróttamaður Ísafjarðarbæjar. Það verður gaman að fylgjast með honum í framtíðinni og ásamt öllum hinum efnilegu blakkrökkunum sem við eigum.

Maria Kozak heldur einnig áfram að gera góða hluti í bogfimi og lenti hún í 2. sæti á Evrópu-meistaramótinu í Króatíu og er Íslandsmeistari í sínum flokki. Hún tók einnig þátt á Norðurlandameistaramóti og náði bronsi og þar með setti hún Íslandsmet.

Að auki tók tveir súgfirskir krakkar þátt í landsliðsverkefnum í blaki á árinu 2024, þau Sverrir Bjarki Svavarsson og Sóldís Björt Blöndal.

### **Fjáröflun:**

**Dósa- og flöskusöfnun:** Aðalfjáröflun félagsins er í formi dósa- og flöskusöfnunar. Á hverju ári eru farnar nokkrar ferðir um þorpið til þess að safna dósam. Þess á milli getur fólk sjálft farið með flöskur og dósir í skúrinn okkar við íþróttavöllinn. Við viljum þakka þeim sem styðja félagið á þann hátt að gefa okkur flöskur og dósir.

**Áramóta- og vorhreinsun:** Stefnir sér um hreinsun á rusli sem til fellur vegna flugelda um áramótin. Einnig sér íþróttfélagið um hreinsun á rusli á Suðureyri á hverju vori. Alltaf er mjög góð þátttaka í vorhreinsun og boðið er upp á grill eftir hreinsun. Greitt er fyrir þessa vinnu í gegnum þjónustusamning Ísafjarðarbæjar við HSV.

**Sjómannadaginn:** Félagið var fengið til að grilla pylsur á sjómannadaginn og fékk borgað ákveðna upphæð fyrir það frá Sjómannadagsráði. Allir voru ánægðir með þetta fyrirkomulag.

### **Styrkur til félagsins á árinu**

Fisherman styrkti íþróttfélagið um 500.000kr á árinu. Við þökkum kærlega fyrir þennan góða styrk.

### **Styrkir sem félagið veitti á árinu**

**Dósaþjófur:** Hægt er að sækja um styrki í dósaþjóð Stefnis til að standa straum af keppnisferðum. Skiptir þá ekki máli hvort að viðkomandi sé að keppa með félaginu eða öðru félagi. Hins vegar þarf viðkomandi barn og/eða foreldrar að hafa tekið þátt í dósaöfnun með félaginu. Nokkuð var um styrkveitingar á árinu.

**Styrkir til íþróttahússins:** Félagið gaf íþróttahúsinu æfingabekk í ræktina auk þess að gefa hátalara til að nota í salnum og í ræktinni. Það er liður í okkar starfi að styrki aðbúnað til íþróttaiðkunar á staðnum.

### **Akstursstyrkur frá Ísafjarðarbæ**

Í boði er að sækja um akstursstyrk til Ísafjarðarbæjar fyrir foreldra barna sem stunda íþróttir og/eða tómstundir í öðrum byggðakjörnum. Það er gert til að mæta þeim kostnaði að keyra

börn á milli. Íþróttafélagið vill hins hvetja Ísafjarðarbæ til að bjóða upp á Frístundaráttu til að mæta þessari þörf og koma í veg fyrir mismunun hjá börnun, þar sem ekki hafa allir foreldrar tök á því að keyra börn sín á milli.

### **Samstarf við Björgunarsveitina.**

Mjög gott samstarf hefur verið við Björgunarsveitina Björgu á Suðureyri en þau hafa séð um að gera gönguskíðaspor fyrir okkur á gamla flugvellið. Er það kærkomið og gaman að geta verið með aðstöðu til gönguskíðaiðkunar í firðinum okkar.

### **Iðkendum og félagsmönnum á starfsárinu.**

Iðkendum undir 16 ára: 36

Félagsmenn: 33

### **Lög félagsins:**

#### **I Heiti**

Félagið heitir STEFNIR og hefur aðsetur sitt á Suðureyri.

#### **II Markmið**

- a) Markmið félagsins er að halda uppi almennri íþróttastarfsemi, auk annars tómtunda-starfs sem lýtur að þroska félagsmanna og heill lands og þjóðar.
- b) Markmið félagsins er að auka áhuga félagsmanna og almennings á líkamsrækt og stuðla að aðhliða íþróttaiðkun.

#### **III Félagsmenn**

- a) Félagi getur hver sá orðið sem æskir þess og er samþykktur af meirihluta stjórnarinnar.
- b) Stjórn félagsins er heimilt að víkja mönnum úr félaginu á líti hún framkomu þeirra eða gjörðir vítaverðar. Ákvörðun stjórnar má skjóta til aðalfundar, sem hefur þá úrslitavald.
- c) Fullt árgjald greiða allir félagar sextán ára til sextíu ára. Sex til fimmtán ára greiða hálf gjald. Yngri en sex ára greiða ekkert gjald og eldri en sextugir eru ævifélagar án gjaldtöku.

#### **IV Stjórn félagsins**

- a) Stjórn félagsins skipa formaður, ritari, gjaldkeri og tveir meðstjórnendur.

#### **V Aðalfundur**

- a) Aðalfundur skal haldinn í mars ár hvert og skal formaður boða til hans með tveggja vikna fyrirvara. Skal fundurinn auglýstur á áberandi stað á Suðureyri.
- b) Á aðalfundi skal formaður gefa skýrslu um starf liðins árs og gjaldkeri leggja fram endurskoðaða reikninga.

- c) Aðalfundur ákveður á hverjum tíma árgjald félaga, og skal stjórn félagsins halda félagatal yfir alla félaga, hvort sem þeir eru virkir félagar eða styrktarfélagar og skal ritari geyma félagatalið.
- d) Á aðalfundi félagsins ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála.
- e) Á aðalfundi sem og öðrum fundum skulu almenn fundarsköp gilda.

#### **VI Kosningar**

- a) Á aðalfundi skal kjósa stjórn félagsins (5) og tvo endurskoðendur.
- b) Stjórnin skal kosin leynilegri kosningu samkvæmt tilnefningu (uppástungu). Fyrst skal kjósa formann, síðan aðra stjórnarmenn. Stjórnin skal kosin til tveggja ára, formaður og ritari annað árið, en hitt árið gjaldkeri og tveir meðstjórnendur. Endurskoðendur skulu kosnir til eins árs.
- c) Séu jafnmargir frambjóðendur og embætti eru, er sjálfkjörið í þau.
- d) Kjörgengi og atkvæðisrétt hafa allir félagar Stefnis sem náð hafa 16 ára aldri og eru skuldlausir við félagið.
- e) Falli atkvæði jöfn skal varpa hlutkesti á milli hlutaðeiganda.

#### **VII Keppnisreglur**

Keppnisreglur, flokkaskipting og annað sem varðar tækniatriði og framkvæmd í keppnum er í samræmi við lög Í.S.Í og HSV.

#### **VIII Breytingar**

- a) Engu má breyta í lögum þessum nema á aðalfundi með samþykki 2/3 greiddra atkvæða.
- b) Skulu lagabreytingar auglýstar (sendar út) með aðalfundarboði.

#### **IX Gildistaka**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Samþykkt á aðalfundi 12.4.2022

Svava Rán Valgeirsdóttir formaður Stefnis

Suðureyri 28.02.2024